

**Ed.**

## **417. Frumvarp til laga**

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

### **1. gr.**

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þús. kr. á ári næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1938.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1938.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1938.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1938.
5. Kennslu-efirlit það, sem ræðir um í 6.--8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1938.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1938.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1938 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1938.
8. Á árinu 1938 leggur ríkissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1938 skal frestað framkvæmd laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði.
10. Á árinu 1938 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, sam-anber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
11. Á árinu 1938 skal ekki verja hærrí fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, sam-anber lög nr. 32 1931, en 62000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.
12. Á árinu 1938 má ekki verja úr ríkissjóði meira en 14000 kr. til kaupa á erlend-um áburði, sbr. lög nr. 51 28. jan. 1935.
13. Á árinu 1938 leggur ríkissjóður ekki fram meira en 1000 krónur til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931.
14. Á árinu 1938 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 4½% úr héruðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
15. Árið 1938 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, er njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólunum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum, vélstjóraskólanum, siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.
16. Á árinu 1938 leggur ríkissjóður fram 60000 kr. til verkfærakaupasjóðs.
17. Heimild sú til að greiða vaxtastyrk af fasteignaveðslánum bænda, stofnlánnum til frystihúsa, mjólkurbúa o. fl., sem veitt er samkv. 4. gr. l. nr. 79 frá 19. júní 1933, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 91 frá 3. maí 1935, skal úr gildi felld fyrir árið 1938.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.